

Lífsleikni 7. bekkur

Markmið, kennsluaðferðir og kennarar

Markmið og kennsluaðferðir: Í námsefninu er meginmarkmiðið að kynnst sjálfum sér og tilveru sinni betur, efla sig sem einstakling og taka ábyrgð og frumkvæði í lífi sínu. Einnig að styrkja tengslin við aðra, virkja sjálfan sig til þátttöku í lýðræðissamfélagi og rækta með sér virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins og umhverfinu. Farið verður yfir hugtök eins og samskipti, sjálfsmynd, sjálfstraust, sjálfsvirðingu, staðalímyndir, gildi, vináttu, áhugasvið, fjölgreindir, einelti og annað ofbeldi, og að setja sér mörk.

Kennarar: Ágústa Elín Ingbórsdóttir, agusta.e.ingthorsdottir@seltjarnarnes.is

Námsmat

Nemendur halda til haga verkefnum í verkmöppu sem kennari gefur umsögn um (L og Ó).

- Hæfniviðmið á hæfnikorti nemenda eru metin í bókstöfum (A, B+, B, C+, C, D, L og Ó). Auk þess fá nemendur lokið eða ólokið fyrir verkefni í mentor.

Námsaðlögun

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur vinna á eigin forsendum, eftir getu sinni og undir leiðsögn
- Kennarar veita bráðgerum nemendum tækifæri til að dýpka námsefnið hverju sinni
- Sérkennarar og faggreinakennarar vinna saman að því að finna leiðir og verkefni sem henta þroska og getu nemenda
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur sem geta ekki fylgt skólanámskrá

Hlutverk og vinnulag nemandans

Hér koma fram viðmið um:

Samskipti	Samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu og tillitssemi.	Viðbrögð við ritstuld	Nemendur læra að virða hugverk annarra og þróa eigin færni í að skrifa og vinna á réttan hátt með heimildir. Viðbrögð: - Nemandi fær tækifæri til að vinna verkefnið að nýju með leiðsögn. - Við endurtekið brot fær nemandi D í einkunn og getur ekki skilað verkefninu inn að nýju. - Nemandi sem er uppvís að svindli á prófi fær undantekningarlaust D í einkunn.
Mæting og virkni í tímum	Nemendur mæti á réttum tíma með námsgögn í kennslustundir. Nemendur fari eftir fyrirmælum kennara og nýti kennslustundir vel.	Heimavinna og hjálpargögn	Nemendur skili verkefnum samkvæmt námsáætlun. Ef nemendur þurfa á hjálpargögnum að halda, s.s. lituðum pappír/glærum, er það unnið eftir þörfum hvers og eins.
Hlutverk nemenda	Nemendur beri ábyrgð á námi sínu og virði vinnu samnemenda og kennara.	Hlutverk kennara	Að miðla þekkingu og leitast við að mæta ólíkum þörfum nemenda.

Lykilhæfni í námsgrein

Lögð er áhersla á eftirfarandi lykilhæfniviðmið í námsgreininni:

Nemandi getur:

- brugðist við margvíslegum upplýsingum og hugmyndum, hlustað, tekið þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða
- rökrætt álitamál frá ólíkum sjónarhornum
- tekið ákvarðanir um eigið nám og hagsmuni með lýðræðislegum hætti
- valið traustar heimildir og sett upplýsingar fram með ólíkum hætti eftir því sem við á hverju sinni á siðferðilega ábyrgan hátt
- sett sér fjölbreytt og skapandi markmið á grunni persónulegra styrkleika og tileinkað sér hugarfar vaxtar

Námsáætlun

Tímabil og viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsmat	Kennsluaðferðir	Námsefni
26/8 – 29/8 1/9 – 5/9 Kynning á námsefni og hæfniviðmiðum. Samskipti. Fjallað um góð og slæm samskipti og hvað er mikilvægt í samskiptum. 8/9 – 12/9 15/9 – 19/9 Fjallað um árangursrík samskipti, mismunandi menningu og siði og tengsl við fjölskyldu. 22/9 – 26/9 29/9 – 3/10 Sjálfsmynd. Fjallað um ýmsa þætti	Nemandi getur: - spurt opinna spurninga og tekið þátt í umræðu um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga. - tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. - rætt reglur í samskiptum fólks og tilgang þeirra og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum. - rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs. - lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á eigin sjálfsmynd, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.	Vinnubók með fjölbreyttum verkefnum verður grundvöllur mats.	Nemandi: - Nemendur vinna einstaklings- og hópverkefni og bekkurinn setur sér samskiptareglur. - Nemendur vinna sjálfstætt og saman í umræðuhópum og kynna fyrir bekknum. - Nemendur vinna í pörum og einstaklingslega með efni frá kennara	Efni frá kennara, myndbönd, verkefnablöð, klípu- og myndasögur, leikir og þrautir.

sjálfsmyndar, jákvæða og neikvæða sjálfsmynd, hvað hefur áhrif á eigin sjálfsmynd og áhrif hróss á jákvæða sjálfsmynd. 6/10 – 10/10 13/10 – 17/10 Sjálfsstraust. Fjallað um eigin lífsgildi og hvernig sjálfsstraust hefur áhrif á sjálfsmynd. 20/10 – 22/10 29/10 – 31/10 Vínátta. Fjallað um hlutverk vínáttu og að koma inn í nýjan hóp. 3/11 – 6/11 Áhugasvið. Fjallað um mismunandi áhugasvið til að auka sjálfsþekkingu. 10/11 – 14/11	• lýst með dæmum mikilvægi jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfars og seiglu fyrir eigin þroska. • metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum úr heimildum á ólíku formi og myndað sér eigin skoðanir. • lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun. • sýnt virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett sér mörk í samskiptum og lýst því hvernig það er hægt. • geta gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og hvernig hægt er að vinna með þá þætti á uppbyggilegan hátt.		(myndbönd og verkefnablöð). • Nemendur vinna í pörum og einstaklingslega með efni frá kennara (myndbönd og verkefnablöð). • Nemendur vinna einstaklingslega með efni frá kennara (myndbönd og verkefnablöð) og kynna niðurstöður fyrir bekknum. • Nemendur vinna áhugasviðskönnun einstaklingslega og kynna niðurstöður hennar fyrir bekknum.	
---	---	--	--	--

17/11 – 21/11 Neikvæð samskipti – einelti. Fjallað um einelti, birtingarmyndir þess og afleiðingar. 24/11 – 28/11 3/12 – 5/12 Fræðsla um ofbeldi. Fjallað um ofbeldi, þ.m.t. áreitni á netinu, samfélagsmiðla og að setja mörk. 8/12 – 12/12 Fjölgreindir. Fjallað um fjölgreindakenningu Gardners. 15/12 – 17/12 Frágangur og lok á önn.	• rætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur og mikilvægi mannréttinda og jafnréttis í samfélaginu og á heimsvísu og þekki vel til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. • rætt um heilbrigða lífshætti og samskipti og ræktað mikilvægar þarfir.		• Nemendur vinna fjölbreytt verkefni, einstaklingslega, í pörum og í hópum. Efnið er síðan rætt og mismunandi sjónarmið dregin fram. Nemendur vinna í hópum að veggspjöldum um einelti. • Nemendur vinna í hópum með klípu- og myndasögur. • Nemendur vinna könnun einstaklingslega og kynna niðurstöður hennar fyrir bekknum. • Nemendur leggja lokahönd á verkefni tímabilsins.	
---	--	--	--	--

--	--	--	--	--